

Fjallabyggð



Samkomulag um kaup og fjármögnun á nýju björgunarskipi.

Fjallabyggð, kt. 580706-0880 og Björgunarbátasjóður Siglufjarðar, kt. 460697-2719 gera með sér samkomulag um fjármögnun á nýju björgunarskipi fyrir Siglufjörð.

Samkomulaginu er ætlað að tryggja fjármögnun á nýju björgunarskipi á Siglufirði sem mun koma í stað björgunarskippsins Sigurvins sem nú er orðið 34 ára gamalt. Starfssvæði nýja Sigurvins mun ná frá Tjörnesi í austri til Skagatár í vestri.

Nýtt björgunarskip verður mun öflugra en það gamla, sem styttrir viðbragðstíma til muna og stækkar um leið það svæði sem björgunarskipið getur sinnt. Með kaupum á nýju og öflugra björgunarskipi er betur verið að tryggja öryggi sjófarenda og styrkja björgunarsvæði á hafsvæðinu úti fyrir norðurlandi.

Skipið er búið öllum fullkomnustu siglangatækjum sem völ er á. Heildarlengd þess er um 17 metrar. Ganghraði nær allt að 38 mílum og ristir skipið 0,8 metra. Skipið er m.a. búið hliðarskrúfu sem tryggir afburða stjórnhaefni. Jafnframt er um borð krani til að ná fólk Úr sjó, öflug slökkvidæla og brunastútur.

Samkomulagið felur í sér eftirfarandi:

Slysavarnafélagið Landsbjörg verður eigandi björgunarskippsins, en Björgunarbátasjóður Siglufjarðar verður útgerðaraðili hins nýja björgunarskipps sem staðsett verður með heimahöfn á Siglufirði.

Ríkissjóður Íslands mun fjármagna helminginn af kaupverðinu en Björgunarbátasjóður Siglufjarðar og Slysavarnafélagið Landsbjörg fjármagna hinn helminginn. Fjallabyggð leggur Björgunarbátasjóði til kr. 5 milljónir á ári í 6 ár til þess að fjármagna kaup á björgunarskipinu. Um er að ræða heildarfjárframlag að upphæð 30 milljónir króna, sem greiddar verða á eftirtoldum dagsetningum:

1. kr. 5.000.000, þann 10. janúar 2023
2. kr. 5.000.000, þann 10. janúar 2024
3. kr. 5.000.000, þann 10. janúar 2025
4. kr. 5.000.000, þann 15. janúar 2026
5. kr. 5.000.000, þann 15. janúar 2027
6. kr. 5.000.000, þann 10. janúar 2028

Björgunarbátasjóður Siglufjarðar mun annast rekstur björgunarskippsins. Rekstrartekjur af skipinu renna til Björgunarbátasjóðs Siglufjarðar og ber það jafnframt allan rekstrarkostnað þess.

Samkomulag þetta gildir frá árinu 2023 til og með ársins 2028.

Fjallabyggð 10. janúar 2023



Magnús Magnússon
F.h. Björgunarbátasjóðs Siglufjarðar

F.h. Fjallabyggðar

Magnús Ingvarsson